

## FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

130. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins haldinn þann 26. febrúar 2020 kl. 09.00.

Til fundarins mættu: Árný Sigurðardóttir og Svava S. Steinarsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Hörður Þorsteinsson og Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og Þorsteinn Narfason frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis.

### 1. Erindi frá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra

Hópur sem kom saman að beiðni almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra vegna hugsanlegrar gasmengunar af völdum mögulegs goss á Reykjanesskaga óskar eftir því að framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu taki eftirfarandi erindi til umfjöllunar.

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra óskaði eftir því við almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins að kallaðir yrðu saman aðilar sem koma að loftgæðum, vatnsvernd og neysluvatni á höfuðborgarsvæðinu, svo sem heilbrigðiseftirlit, Veitur og fulltrúar veitna sveitarfélaganna á svæðinu, vegna hugsanlegrar gasmengunar frá mögulegu eldgosi á Reykjanesskaga. Einnig var óskað innleggs sérfræðinga frá HÍ, UST og VÍ.

Hópurinn kom saman mánudaginn 17. febrúar til þess að fjalla um málið ásamt fulltrúum almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra og fulltrúum almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Á fundinum var ákveðið að óska eftir því við framkvæmdastjórn um vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið að hún legði til farveg til þess að skoða þetta mikilvæga mál út frá vöktun, mælingum og viðbragðsáætlunum.

*Framkvæmdastjórn hefur fjallað um erindið og var meðfylgjandi vöktunaráætlun með gæðum neysluvatns komi til eldgosa á Reykjanesskaga samþykkt. (Sjá viðhengi með fundargerð).*

### 2. Tillaga að verklagsreglum við vegagerð á vatnsverndarsvæðum

Lögð fram tillaga að verklagsreglum við vegagerð á vatnsverndarsvæðum unna af VSÓ ráðgjöf fyrir Vegagerðina með stuðningi frá Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar.

*Framkvæmdastjórn fagnar gerð verklagsreglna við vegagerð á vatnsverndarsvæðum. Þykir þó rétt að vekja athygli á allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum er háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits. Eins og kemur fram í skýrslunni*

### 3. Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Lögð fram drög að ársskýrslu framkvæmdastjórnar fyrir árið 2019.

# FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Fundi slitið kl.11:00

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.